

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	31.10.2016
Málalýkill	04.10
Mál nr.	1610322

Garðabæ 24. október 2016.

Bt. Bæjarstjórnar Garðabæjar.

Efni bréfs: Ábending til bæjaryfirvalda í Garðabæ vegna yfirstandandi fjárhagsáætlunargerðar.

Okkur starfsfólki í Krakkakoti langar til að benda bæjaryfirvöldum í Garðabæ á nokkur atriði sem okkur finnst að sé farið að hafa áhrif á stjórnun leikskólans, faglegt starf leikskólans og starfsfólk leikskólans.

Við óttumst að ef ekkert verði að gert brenni stjórnendur og starfsfólk út í starfi sínu. Við viljum benda á nokkur atriði.

1. Yngri börn í leikskólunum en áður. Eftir að leikskólinn Krakkakot fór að taka inn börn sem eru eins árs hefur mikið breyst í skólanum. Við höfum þurft að endurskoða dagskipulag og alla innviði deildana sem taka við yngstu börnum. Það er til bóta að börnin komi ekki inn til okkar yngri en eins árs. Það hefur þó ekki verið endurskoðað hvaða barngildi skuli telja á þessi börn neitt sérstaklega. Þau eru talin 2 barngildi eins og 18 mánaða börnin sem við vorum að taka yngst inn áður. Það skal því bent á að það er himinn og haf á milli þroska barns sem er eins árs og sem er 18 mánaða og er því raunhæft að telja þau til hærri barngilda. Það ber einnig að benda á það að yfirleitt eru 4-5 börn að hausti sem ekki eru farin að ganga á deild þar sem eru 12 – 13 börn ný börn og þrír starfsmenn (það er gríðarlegt álag). Það ber líka að benda á það að leikskólinn vinnur eftir skólanámskrá og í leikskóla er unnið allt öðruvísi starf heldur en hjá t.d. dagmóður. Það er einnig afar misjafnt hvernig hópurinn sem kemur inn að hausti er samansettur og gæti þurft að taka tillit til þess í fjölda barna á deild.
2. Veikindi starfsmanna. Fjarvera vegna veikinda starfsmanna eða veikinda barna starfsmanna hafa verið með mesta mói hér í Krakkakoti nú á haustdögum. Má þar t.d. benda á að í vikunni 3. – 7. október vantaði starfsmenn í 171 vinnustundir yfir vikuna vegna eigin veikinda og veikinda barna. Með réttu hefði einn daginn í þessari viku átt að senda 15 börn heim því auk tveggja starfsmanna í eldhúsi og fimm starfsmanna á deildum var leikskólastjóri einnig veikur þann dag. Við reynum alltaf bara

undirmönnun er orðið daglegt brauð og starfsfólk að brenna út. Það er stöðugt verið að slökkva elda og ráðastafa deginum fyrst á morgnana og aftur um hádegi og það er undantekning ef það eru ekki 2 í stað 3 starfsmanna á deild eftir hádegi á 2-3 deildum dag hvern. Við spyrjum okkur því hvort við séum ekki stundum að stofna öryggi barnanna í hættu. Við náum ekki að sinna verkefnum okkar eins vel og við vildum og deildastjórar eru komnir með kvíðahnút í magan yfir því að komast ekki yfir að vinna eftir starfsáætlun. Við teljum að veikindaafleysing fyrir 23.33 stöðugildi sé allt of lág en hún er 1,58%. Það sér hvert mannsbarn að það er allt of lágt þegar það gerist nánast daglega að 2 – 4 starfsmenn vantar til vinnu og oft á tíðum 4-6 starfsmenn. Í vikunni 10. – 14. okt. voru 88 fjarverustundir vegna veikinda og 27. vegna sumarleyfis hjá starfsfólki (leyfið var löngu búið að veita en þá var ekki vitað að það yrðu svona mikil veikindi á þessum tíma). Vikan 17. – 19 okt (3 dagar) eru 58 fjarverustundir komnar v. Veikinda og 40 stundir vegna sumarleyfa. Auk þess sem deildastjóri fór á trúnaðarmannanámskeið einn dag vikunnar. Frá 15 ágúst hafa verið 83 veikindatilkynningar yfir 47 daga tímabil.

3. Sumarleyfi starfsfólks umfram 25 daga. Starfsfólki Krakkakots er gert að taka 25 daga sumarleyfi samfelld ef þeir eiga 30 daga sumarleyfi yfir tímabilið 15. maí – 15. ágúst. Af þeim 28 starfsmönnum sem vinna í Krakkakoti eiga 18 þeirra 30 daga sumarleyfi það gerir þá 90 daga sem þarf að leysa umframsumarleyfisdaga af hér. Auk þess eiga nokkrir starfsmenn 27 daga í sumarleyfi og þeir fá líka að halda eftir ca. 5 dögum af sínu leyfi ef þeir vilja. Við náum ekki að dekka það að allir starfsmenn taki allt sitt sumarfrí á þeim tíma sem sumarstarfsfólkið okkar er að koma til að aðstoða. Sumarfókið er svo alls ekki fullgildir starfsmenn og eru þar að auki einungis í 6 og 7 tíma vinnu á dag. Hér eru börn allt að 9 stundum á dag. Það þarf nauðsynlega að skoða þetta eitthvað. Við getum ekki neitað fólki um frí ef það á eftir frí sérstaklega ekki þegar við sjáum auðvitað ekki fram í tíman veikindin sem upp koma.
4. Menntun starfsfólks innanfrá. Okkur er gefin kostur á að fara á námskeið á svokölluð Kraganámskeið sem er frábært. Við höfum ekki getað sent starfsfólk á eitt einasta slíkt námskeið í haust vegna mannfæðar. Starfsfólk vill líka sækja allskonar námskeið sem eru í boði til að styrkja sig í starfi og við þurfum þá að geta leyst það frá störfum á meðan. Það er bara mjög erfitt að missa fólk úr húsi sem er búið að fá leyfi til að sækja námskeið með löngum fyrirvara, búið að borga

námskeið úr sínum eigin endurmenntunarsjóði og svo þegar kemur að þessum degi þá vantar 3-5 starfsmenn í hús vegna veikinda. Öll eru þessi námskeið á dagvinnutíma.

5. Undibúningstímar. Það hefur komið æ oftar fyrir nú í haust að deildastjórar og annað fagmenntað fólk í Krakkakoti hafa þurft að sleppa undirbúningstíma vegna manneklu og erfitt að finna nýjan tíma til að vinna tapaðan undirbúningstíma. Með réttu ætti þá að greiða þessa undirbúningstíma í yfirvinnu.
6. Sérkennsla í afleysingum. Rétt er einnig að benda á það að þegar svona staða er í Krakkakoti dag eftir dag, hefur verið gripið til þess ráðs að taka bæði sérkennslufólk og sérkennslustjóra í afleysingar til að mæta manneklu. Þegar svona er ástatt þá koma oft á tíðum margir dagar í röð þar sem sérkennsla hefur verið felld niður eða verið í algeru lágmarki. Auk þess sem leikskólastjórnendur hafa báðir verið í afleysingum dag eftir dag.
7. Skilafundir á vinnutíma. Það kemur æ oftar fyrir að deildastjórar og annað starfsfólk eins og sérkennslufólk og leikskólastjóri sitji skilafundi með foreldrum og sérfræðingum allt á þeim tíma sem þetta sama starfsfólk á að vera að sinna starfi sínu inni á deild. Slíkir fundir geta staðið yfir allt upp í tvo tíma og oft á tíðum fara tveir starfsmenn af deild viðkomandi barns á þessa fundi.
8. Foreldraviðtöl. Einnig má benda á að öll viðtöl við foreldra þarf að framkvæma á vinnutíma sem oft er ekki hægt að sinna í undibúningstíma viðkomandi deildastjóra og þá kemur ekki inn afleysing fyrir deildastjóran.

Þá eru upp talin þau atriði sem okkur langar bara til að benda á. Okkur finnst eitthvað svo rangt gefið í starfsmannahaldinu. Við reynum að halda uppi faglegu starfi okkar eins og við getum en það er komin mikil þreyta í mannskapinn. Það er svo svakalega vont að finna það. Þetta var líka svona í fyrra og þá ákváðum við að taka þetta á jákvæðninni en við upplifum það svo sterkt núna að það er erfiðara, ef ekki ómögulegt. Við óttumst því að fólk fari að flýja úr starfi og höfum við heldur aldrei upplifað eins miklar breytingar í starfsmannahópnum eins og síðastliðin tvö ár. Það er ekki nóg að koma til móts við þarfir foreldra og barna í skólunum og veita frammúrskarandi þjónustu við þá. Það þarf líka að koma til móts við starfsemi skólanna, starfsfólkið og búa

þeim sem gott starfsumhverfi. Það sem hér hefur verið talið upp er ekki viðunandi starfsumhverfi.

Nú þegar íbúum Garðabæjar er boðið að koma með ábendingar til yfirvalda vegna komandi fjárhagsáætlunargerðar leggjum við til vegna alls þess sem að ofan hefur verið upp talið að reiknilíkan leikskólanna verði endurskoðað með tilliti til stöðugilda í leikskólunum. Stöðugildi verði aukin í leikskólum bæjarins til að mæta þörfum skólanna því það er greinilegt að þetta er ekki bara tilfallandi ástand þetta haustið heldur viðvarandi ástand allt árið, árum saman.

Viðröðingarfyllst, starfsfólk Krakkakots;

Bryndís Hardardóttir	Sandra Dís Benediktardóttir
Sigrún Feitsdóttir	Kristjana Ósk Veigarsdóttir
Kunlúðskulak	Rakel Rós Mjalsdóttir
Steinninn Gunnarsd	Nína Björk Gísladóttir
Óðla Sigurðardóttir	Hafdis Ósk Gísladóttir
Kaísa KKRITAS MAGNUSDÓTTIR	
Hanna Dögg Þórunn	
Þorgerður Vile	
Þorgerður Hella Ingvarsdóttir	
Sabjörg Ólafsdóttir	
Laura Hildur Jakobsd.	
Vigdís Jensdóttir	
Þúfa Snæmá	
Fanney H. Kristjánsd.	
Sigrún Karlsd. Stenóðelsu	
Ó. Þínstín Þorvaldardóttir	
Hjördís G. Ólafsdóttir	
Þóma R. Drögmarsdóttir	
Tríða Björk Gunnarsdóttir	
Laufri Þrisjauel	

Afrit af bréfi einnig sent til;
Halldóru Pétursdóttur, verkefnastjóri í Garðabæ
Margrétar Bjarkar Svavarsdóttur, sviðstjóra skólasviðs Garðabæjar
Leikskólanefnd Garðabæjar